

Vörður með fund á miðvikudagskvöld:

Efnahagsráðstafanirnar og stjórnmalaviðhorfið

Landsmálafélagið Vörður gengst fyrir fundi um efnahagsráðstafanir ríkisstjórnarinnar og stjórnmalaviðhorfið, og verður fundurinn haldinn nk. miðvikudagskvöld.

Geir Hallgrímsson formaður Sjálfstæðisflokksins heldur framsöguræðu, en síðan verða umræður.

Í samtali við Morgunblaðið sagði Árni Sigfússon, framkvæmdastjóri Fulltrúaráðs sjálfstæðisfélaganna í Reykjavík, að nú væri nauðsynlegt og eðlilegt að sjálfstæðismönnum gæfist kostur á að ræða um þau vandamál sem að stöðjuðu og hver leið ríkisstjórnarinnar út úr vandanum og jafnframt hvort sú leið sé fullnægjandi.

Eins og áður sagði verður fundurinn miðvikudagskvöldið 8. sept-



Geir Hallgrímsson

ember. Hefst hann klukkan 20.30 og verður í Valhöll, Háaleitisbraut 1.



Færeysk þingmannasendinefnd

Lögbingsmenn frá Færeyjum hafa síðustu daga verið hérlendis í boði Alþingis. Þingmennirnir sem voru sjö að tölu kynntu sér atvinnulíf, skoðuðu söfn og stofnanir og skiptust á skoðunum við starfsbræður sína hérlenda. Þá lögðu þeir blómsveig að minnismarki um látna færeyska sjómenn í kirkjugarðinum við Sudurgötu. Myndina hér að ofan tók ljósm. Mbl. Kristján Einarsson af fjórum þingmannanna í Þjóðminjasafninu, en þar nutu þeir leiðsagnar Þórs Magnússonar þjóðminjavarðar og Ólafs Ólafssonar fulltrúa á Alþingi.

Matthías Á. Mathiesen um kjarasamninga BSRB:

Áberandi misræmi milli yfirlýsinga og samninga

Vonandi taka forystumenn BSRB áfram mið af þjóðfélgasaðstæðum

„ÞEIR samningar sem gerðir hafa verið á milli ríkissjóðs og BSRB eru gerðir við mjög sérstakar aðstæður. Ferðinni hefur ráðið sú aðstæða sem Alþýðubandalaginu hefur tekist að skapa sér með setu í núverandi ríkisstjórn og áhrif þess innan BSRB,“ sagði Matthías Á. Mathiesen alþingismaður og fyrrverandi fjármálaráðherra, er Mbl. spurði hann álitis á nýgerðum samningum við Bandalag starfsmanna ríkis og bæja.

Þá sagði Matthías: „Samningarnir virðast nú taka meira mið en áður af því efnahagsástandi sem við blasir í þjóðfélaginu, en með sérkjarasamningum hefur verið reynt að koma til móts við launakjör opinberra starfsmanna umfram það sem samið var um á hinum almenna

vinnumarkaði.

Ýmis þau ákvæði, önnur en beinar launahækkanir sem samið var um, orka mjög tvímælis og sýnist ætlað m.a. að mæla kaupmáttinn betri en hann verður í raun með þær miklu kostnaðarhækkanir sem m.a. bráðabirgðalögin nýsettu hafa í för með sér fyrir heimilin í landinu. Það er hins vegar áberandi misræmi milli fyrri yfirlýsinga frá þingum BSRB um kjaramál, sérstaklega ályktana frá síðasta þingi þeirra, og nýgerðra kjarasamninga.

Ljóst er að þau öfl sem ráðið hafa ferðinni í þessari samningsgerð eru innanhúsmenn Alþýðubandalagsins og sýnast þeir vissulega hafa tekið sinnaskiptum og telja allt í einu nauðsynlegt að láta launasmáninga taka mið af ríkjandi þjóð-

félagsaðstæðum.

Það er vissulega ástæða til þess að benda á þetta, en í leiðinni vekja athygli á því að þeir hinir sömu, sem hröpuðu hæst 1978 „samningana í gildi“, telja nú ekki ástæðu til þess að standa við sínar fyrri yfirlýsingar þar sem aðrir pólitískir hagsmunir Alþýðubandalagsins eru látnir sitja í fyrirrúmi. Við skulum vona að í framtíðinni hafi allir ráðandi forystumenn BSRB áfram jákvæð sjónarmið en láti ekki pólitískar aðstæður einstakra stjórnmalaflokka ráða kröfum sínum og gerðum, eins og sumir þeirra hafa ætíð viljað. Vonandi tekur BSRB ævinlega mið af þeim möguleikum sem fyrir hendi eru í þjóðfélaginu þegar skipta skal þjóðartekjunum og gera launasamninga.“



Ingvi Ingvarsson.



Hörður Helgason

Nýr ráðuneytisstjóri

FYRSTA september lét Hörður Helgason af störfum sem ráðuneytisstjóri í utanríkisráðuneytinu og tók Ingvi Ingvarsson, sendiherra í Stokkhólmi, við embættinu. Hörður Helgason verður sendiherra Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum og hélt hann til New York 3. september. Tómas Á. Tómasson, sem hefur verið sendiherra hjá SP, flytur til Parísar og

tekur þar við sendiherrastörfum af Einari Benediktssyni, sem flyst til London, en Sigurður Bjarnason, sendiherra þar, kemur til Reykjavíkur. Benedikt Gröndal, fyrrum ráðherra og alþingismaður, tekur við sendiherraembættinu í Stokkhólmi af hinum nýja ráðuneytisstóra utanríkisráðuneytisins, Ingva Ingvarssyni.

Kjarvalsstaðir:


Fjölmenni við opnun Thorvaldsenssýningar

FORSETI Íslands, frá Vigdís Finnbogadóttir, opnaði á föstudaginn sýningu á verkum Bertels Thorvaldsens á Kjarvalsstöðum. Þetta er í fyrsta skipti í 134ra ára sögu Thorvaldsenssafs í Kaupmannahöfn, sem sýning er haldin á gripum þess utan Danmerkur. Við opnunina fluttu ávörp þeir Einar Hákonarson formaður stjórnar Kjarvalsstaða og Bent Nebelong formaður stjórnar Thorvaldsenssafs.


Fjölmenni var við opnun sýningarinnar á Kjarvalsstöðum, og að lokinni opunarathöfn var sýningin opnuð almenningi, og mun hún standa í tvo mánuði á Kjarvalsstöðum. Gífurlega mörg listaverk liggja eftir Thorvaldsen, sem uppi var á árunum 1770 til 1844, og eru þau dreifð víða um heim. Á safni Thorvaldsens í Kaupmannahöfn eru 860 verk, og eru 75 þeirra komin hingað til lands á þessu fyrstu sýningu hér á landi, sem til er komin vegna frumkvæðis sendiherra Dana á Íslandi, J.A.W. Paludans.



Forseti Íslands, frá Vigdís Finnbogadóttir, skoðar mynd af listamanninum. Með Vigdís á myndinni er ungur aðdandi Thorvaldsens og frá Dyeke Helsted forstöðumaður Thorvaldsenssafs í Kaupmannahöfn.



David Oddsson borgarstjóri í Reykjavík ræðir við biskupshjónin við opnun sýningarinnar, þau Sólveigu og herra Pétur Sigurgeirsson.



Einar Hákonarson formaður stjórnar Kjarvalsstaða flytur ávarp við opnun sýningarinnar.



Bent Nebelong formaður stjórnar Thorvaldsenssafs í Höfn flytur ávarp sitt.